

Föstudagurinn 17. desember 1999 kl. 15:00

135. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 41/1999

**Kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingu
Cetus ehf. á *Power Ginseng***

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 5. febrúar 1997 (sic), kvarta Eðalvörur ehf. yfir auglýsingu Cetus ehf. á *Power Ginseng* sem birst hafði í Morgunblaðinu þann 22. janúar 1999. Texti umræddrar auglýsingar Cetus á *Power Ginseng* er:

„Aðeins 1 hylki á dag.

Unnið úr kóresku Panex ginseng-rótinni.

*„Ef ginseng-afurðir eru ósviknar innihalda þær ginsenósíð. Því meira þeim mun betra. Mönnum er því ráðlagt að kaupa aðeins afurðir með stöðluðu ginsenósíð-innihaldi.“ Úr bókinni *Lækningamáttur líkamans* bls. 192, birt með leyfi útgefanda og þýðanda bókarinnar.*

Ginsenósíð er hið virka efni ginseng-rótarinnar.

Power Ginseng inniheldur 30% ginsenósíð.“

Í upphafi erindis Eðalvara kemur fram að kvartandi telur sig ekki kannast við ginsengrótina *Panax* sem verið sé að auglýsa. Væntanlega sé þar átt við *Panax ginseng C.A. Mayer* rót. Um beina tilvitnun í auglýsingunni úr bókinni *Lækningamáttur líkamans* segir í erindi Eðalvara að þýðandi bókarinnar hafi haldið því fram að hún sé að honum forspurðum og reyndar í óþökk hans. Síðan segir í erindi Eðalvara:

„Þá er því haldið fram í auglýsingunni að ginsenósíð sé hið virka efni ginsengrótarinnar. Þarna er því ranglega haldið fram að um aðeins eitt virkt efni sé að ræða í ginsengi. Hið rétta er að svokölluð ginsenósíð eru hópur

sapponíða, sem eru hluti (ein grúppa) af svokölluðum vatnsleysanlegum virkum efnum. En í Panax Ginseng C.A. Mayer finnast einnig svokölluð fituleysanleg virk efni. Þessi efni skipta að minnsta kosti þúsundum og þó talsvert sé vitað um verkun ginsengs er óhætt að segja að mikið land sé ónumið varðandi rannsóknir á einstökum virkum efnum, hvernig þau virka ein og sér og með öðrum efnum.

Þá er því haldið fram að „Power ginseng“ innihaldi 30% ginsenosíð. Væri þessi fullyrðing rétt (sem hún er raunar ekki) væri tæpast um náttúruvöru að ræða. Því þá væri búið að einangra ákveðinn hluta af virkum efnum í óvenjulega háu magni. Auk þess verða þannig skilin frá önnur virk efni jurtarinnar. Það er því rangt og í öllu falli vafasamt að halda því fram að „efnið“ verði „sterkara“ með þessu móti.

Steininn tekur þó úr þegar kemur að sjálfum umbúðum vörunnar, sem þar er kynnt sem: „The Strongest Ginseng in the World“. Á umbúðunum er sífellt klifað á óviðkomandi málum s.s. ranglega uppgefnu tilteknu magni á einum flokki virkra efna. Ef önnur virk efni væru fjarlægð og innbyrðis hlutfall þessara virku efna væri staðlað væri hægt með klínískum rannsóknum að finna út hvort varan hefði áhrif.

Hvorugt hefur verið gert, engar rannsóknir liggja fyrir um áhrif vörunnar og enn lengra er í land með að fullyrða hvort hún er „sterk“.

Þá er í erindi Eðalvara einnig gerð athugasemd við að á umbúðum ginsengsins segi að það innihaldi „báðar ættir ginsengrótarinnar RGI og RBI“. Engar ættir séu til með þessum nöfnum heldur sé um að ræða tvo ginsenosíða. Jafnframt kemur fram að Eðalvörur telja að Cetus sé að blanda sér í deilu Lyfju og Eðalvara um ginseng og koma vöru sinni þannig á framfæri.

Með erindinu fylgdi afrit af grein sem birtist í Morgunblaðinu, þann 1. ágúst 1998, eftir Odd C.S. Thorarensen, fyrrverandi apótekara, um innihaldsefni ginsengrótarinnar. Í grein Odds er m.a. vitnað til erlends vísindamanns sem segi að ekki megi rekja hin ýmsu áhrif ginsengs til eins eða fáeinna virkra efna. Áhrifin hljóti að vera samtvinnuð áhrif fjölpátta efnakerfis, sem vísindamenn séu enn ekki búnir að fá fullan skilning á. Ginsengrótin innihaldi óvenju mikið magn virkra efna. Fram kemur að kóreskar rannsóknir beinist í dag að ýmsum öðrum efnum rótarinnar fremur en ginsenosíðum. Flest þessara efna séu fituuppleysanleg en ekki vatnsuppleysanleg eins og ginsenosíðarnir. Þá segir að

kínverskir vísindamenn og læknar hafi aldrei fallist á þá kenningu að ginsenósíðar séu einu virku efnin í ginsengrótinni.

II. Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun sendi erindi Eðalvara til umsagnar Cetus, þann 10. febrúar 1999. Barst svar Cetus, dags. 19. febrúar. Í svarinu segir að Cetus hafi heimild þýðanda *Lækningamáttis líkamans* til að vitna í bókina þar sem *Power ginseng* uppfylli þær kröfur sem gera eigi til ginsengs. Með svari Cetus fylgdi einnig pakki af *Power Ginseng*. Á umbúðum ginsengsins kemur ekki fram „*The Strongest Ginseng in the World*“ eins og Eðalvörur halda fram en á fylgimiða inni í pakkanum er þessi fullyrðing.

Cetus óskaði eftir fresti til að koma að frekari gögnum í málinu og bárust þau þann 24. mars 1999. Um var að ræða upplýsingar frá *Roussel Laboratories* þar sem staðfest var að í *Power Ginseng* væru gisenósíðar 27–30%. Jafnframt fylgdi yfirlit frá fyrirtækinu Indena um *Panax Ginseng C.A. Meyer* ginsengrótina. Þar segir m.a. að þrátt fyrir miklar rannsóknir á rótarbol ginsengjurtarinnar sé í auknum mæli farið að nýta aðra hluta rótarinnar sérstaklega vegna þess hversu mikið magn ginsenósíða þeir innihaldi. Efnasamsetning þessara hluta rótarinnar sé önnur en rótarbolsins en rannsóknir hafi enn ekki verið birtar um þetta efni.

2.

Svör Cetus voru send Eðalvörum til umsagnar með bréfum, dags. 19. og 25. mars. Svar Eðalvara er dags. 31. mars 1999, og þar segir m.a.:

Í ábendingu minni frá 5. febrúar sl. er bent á nokkur veigamikil atriði, sem fyllsta ástæða er til að setja spurningamerki við. Meðal þeirra atriða er hvort varan sé sterk eða jafnvel sterkari en aðrar vörur. Ég setti fram þá skoðun að þegar um er að ræða ólíkar vörur sé ómögulegt að bera saman styrkleika. Þetta mál er þess eðlis að fyllsta ástæða er til að til þess bærir sérfróðir aðilar fjalli um og álykti um það.

Með bréfi sínu 24. mars sl. reynir Cetus að renna stoðum undir eina af fullyrðingum á umbúðum „Power Ginseng, the Strongest Ginseng in the

World“: Samkvæmt Roussel Laboratories rannsóknarstofu, sem ég þekki ekki til en kann að vera ágæt, kemur fram að í einhverju ekstrakti frá Power Health hafi mælst 27–30% ginsenosíðar. Nú kann að vera að þetta sé rétt mæling en ég er ekki jafn viss um að varan sem mæld var sé í sölu á Íslandi enda kemur lotunúmer ekki fram. Meðfylgjandi er mæling, sem gerð var í Kóreu á sýni (lotun. N16126), sem keypt var í Lyfju þann 19. september 1998. Mælt var magn (þyngd) ginsenosíða sem reyndist 13,53% eftir ítrekaðar mælingar, önnur virk efni voru ekki mæld, enda voru þau ekki tilgreind á umbúðum. Hér er um gríðarlega mikinn mun að ræða, sem þarfnast nánari skoðunar. “

Með bréfi Eðalvara fylgdi niðurstaða *Korea Ginseng & T. Research Institute* á innihaldi *Power Ginseng*. Þar kemur fram að hvert hylki innihaldi 13,53% ginsenosíða.

3.

Svar Cetus við athugasemdum Eðalvara er dagsett 4. maí 1999. Þar segir m.a.:

„Power Health stendur við það að ginsengið innihaldi það sem fullyrt er á umbúðunum. Nú snýst málið um það að ginsengið innihaldi ekki minna en þessa 30% ginsenosíða. Ef það er minna þá telst það vera svik. Ef það er meira en 30% þá mun það ekki teljast svik því viðurkennt er (nú einnig af Eðalvörum) að því meira ginsenosíð því betra. Nú hafa Eðalvörur í fljótþærni sinni fært sönnur á að Power Ginseng innihaldi meira en 30% ginsenosíða! Hvernig?

- a) Eðalvörur sendu ginseng til rannsóknarstofu í Kóreu og niðurstaðan var 13,53% ginsenosíðar. Það sem Eðalvörur hafa ekki áttað sig á í fljótþærni sinni er að á ginsengþökkum okkar stendur að „hvert hylki inniheldur 100 mg af 30% ginsenosíðum“. Nú er það þannig að hvert hylki er 340 mg. Þessi 340 mg innihalda efni s.s. excipients, binders, stabilisers o.fl. ásamt 100 mg af ginseng seyði.*
- b) Rannsóknarstofan sem Eðalvörur notuðu nú sýnir fram á að hver 100 mg af ginsenginu innihaldi 46% ginsenosíða. Auðvitað munu ekki mælast ginsenosíðar í bindiefnum og öðrum hjálparefnum sem í hylkinu eru.*
- c) Rannsóknarstofan sannaði einnig að gæði ginsengsins er með því besta sem þekktist.*

Sá munur sem er á ginsengi frá Eðalvörum og okkar er að Eðalvörur selja ginseng mulning sem enginn veit hvað inniheldur hvað virkni varðar nema það að Eðalvörur viðurkenna að það sé mjög veikt því allt að 4–5 stk. þarf á dag af mulningunum. Power Health ginsengið inniheldur 100 mg af ginsengseyði þar

sem bestu einkenni jurtarinnar koma fram og aðeins eitt hylki á dag er ráðlagður dagskammtur...

Niðurstaða: Power Ginseng inniheldur a.m.k. 30% ginsenosíð sem er hið virka efni ginseng rótarinnar. Power Health upplýsir kaupandann hvert hið virka efni er sem ætti að vera skylda hvers framleiðanda á ginsengi. Tvær óháðar rannsóknarstofur hafa nú mælt ginsengið og niðurstöður mjög svo okkur í hag.“

Með svari Cetus fylgdi m.a. bæklingur fyrirtækisins um *Power Ginseng* og afrit bréfs frá Power Health, framleiðanda ginsengsins. Í bréfinu er útskýrt í hverju mismunur kóresku rannsóknarinnar og hinnar ensku liggur. Þar er staðfest að ginsenosíða innihald hvers hylkis sé 13,53% ef miðað er við alla þyngd þess en ginseng sé eingöngu 100 mg af þyngd hvers hylkis, sem alls vegi 340 mg. Ginsenosíðar séu því skv. fyrrnefndri mælingu 46 mg í hverju hylki.

4.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram höfðu komið var mál þetta tekið fyrir á fundi auglýsinganefndar, þann 11. maí 1999. Fund auglýsinganefndar sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

„Auglýsinganefnd telur að miðað við fyrirliggjandi gögn sé ekki ástæða til athugasemda við fullyrðingar um að Power Ginseng innihaldi 30% ginsenosíð. Í því sambandi vísar nefndin til fyrirliggjandi rannsókna og skýringa á þeim, sem og innihaldsupplýsinga á umbúðum ginsengsins. Á umbúðunum eru talin upp þau efni sem hvert hylki inniheldur þ.e. „Belghjúpur (gelatin og glyserin), náttúruleg litarefni, soyabaunaolía, kóreanskt ginseng (30% ginsenosides), þurrkuð jurtaolía, bindiefni – lesitin og býflugnavax“. Þá segir einnig á umbúðunum „Hvert hylki inniheldur 100 mg kóreanskt ginseng innihaldandi 30% ginsenoside.“

Með vísan til framangreinds telur auglýsinganefnd ekki ástæðu til að draga í efa að hvert hylki Power Ginseng innihaldi 30 mg, eða 30%, ginsenosíð sbr. fyrirliggjandi rannsóknir.“

Í kjölfar þessarar niðurstöðu sendi Samkeppnisstofnun Eðalvörum bréf, dags. 19. maí 1999. Niðurstaða auglýsinganefndar var kynnt og síðan sagði:

„Samkeppnisstofnun telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna athugasemda yðar um tilvitnun í bókina *Lækningarmáttur líkamans, nafns ginsengrótarinnar* eða að ginsenósíð séu virka efni ginsengrótarinnar. Jafnframt telur stofnunin, að svo stöddu, að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna upplýsinga á fylgimiða ginsengsins.

Með vísan til framangreinds telur Samkeppnisstofnun ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa máls. Ef þér hafið athugasemdir fram að færa við þessi málalok þurfa þær vinsamlegast að hafa borist stofnuninni innan viku frá dagsetningu þessa bréfs. Málið mun þá lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.“

5.

Í bréfi Eðalvara til Samkeppnisstofnunar, dags. 25. maí 1999, segir:

1. Fullyrðingin um að þeim mun meira af ginsenósíðum þeim mun betra, er ósönnuð.
2. Það er bæði villandi og rangt að halda því fram að eitthvert eitt efni sem heitir ginsenósíð sé eina virka efni ginsengrótarinnar.
3. Ekki er endilega samband milli þyngdar (massa) ginsenósíða og virkni þeirra.
4. Ekki er hægt að tala um staðlað efni nema að innbyrðis hlutfall virkra efna sé staðlað.
5. Vísað er til kaflans, vísindalegt endurmat á ginsenósíðum í yfirlitsgrein Odds C.S. Thorarensen, sem birtist í *Mbl.* 1. ágúst 1998. Greinin byggir á fjölda nýjustu vísindarita um þessi mál. Þar kemur m.a. fram að í margendurteknum rannsóknum á dýrum, minnkuðu úthaldsaukandi áhrif ginsenósíðum eftir því sem þeir voru hreinni og hurfu með öllu þegar þeir voru gefnir hreinir.
6. Ef önnur virk efni ginsengs eru skilin frá og hreinir ginsenósíðar eru settir í markaðsvörur er varla hægt að tala um náttúrvöru eða að verið sé að selja ginseng. Þá væri um að ræða afurð unna úr ginsengi.
7. Því er ranglega haldið fram á umbúðum vörunnar að hún innihaldi „báðar ættir ginsengrótarinnar RG1 og RB1“.

Í ofangreindum 7 liðum er verið að fjalla um fræðileg grundvallaratriði, sem sýnilega er mikið vitnað til í auglýsingum. Enginn ætlast til þess að Samkeppnisstofnun hafi á að skipa sérfræðingum í öllum mögulegum greinum þjóðlífsins í þessu tilviki nýjustu þekkingu í jurtalyfjafræði. Því er ábending mín

til Samkeppnisstofnunar um að leita til sérfróðra aðila ítrekuð sérstaklega varðandi ofangreinda liði. Slíka aðila gæti verið að finna hjá t.d. Háskóla Íslands eða lyffjanefnd.

8. *Samkvæmt ofanrituðu var mæling á ginsenósíðum aukaatriði í þessu máli...*
9. *Á umbúðum vörunnar og í bæklingi, sem var á ensku kom fyrir setningin „The Strongest Ginseng in the World“. Mér sýnist að síðan þá hafi verið límt yfir ensku merkinguna og er það vel. Hitt er annað mál að í fylgiskjali sem Samkeppnisstofnun sendi undirrituðum var að finna nýjan bækling á íslensku sem er ekki sá sami og Samkeppnisstofnun hafði til athugunar. Þar kemur ekki fyrir setningin „the Strongest Ginseng in the World“.*
10. *Þar kemur aftur á móti fyrir setningin : „Ginsenósíð eru hin virku efni ginsengsins. Án þeirra hefur ginseng enga virkni.“ Mörg ár eru síðan vísindamenn vissu um áhrif annarra vatnsleysanlegra efna en ginsenósíða s.s. fjölsykrunga t.a.m. á blóðsykur o.fl. En síðustu ár hafa flestar rannsóknir beinst að fituleysanlegum efnum. Þetta getur Samkeppnisstofnun fengið staðfest með því að leita áhlits hjá sérfróðum aðilum.*

Samkeppnisstofnun sér eðlilega ekkert athugasvert við markaðssetningu Cetus og umbúðir á svokölluðu Power Ginseng. Búast má við að samkeppnisráð komist að sömu niðurstöðu nema að sérfróðir aðilar verði kallaðir til ráðgjafar eða spurðir...

Það er ekki síst neytendum til hagsbóta að þeir sem um málið fjalla gefi sér tíma til að setja sig inn í málið með því að lesa fylgiskjöl eða fá aðra til þess. Minnt er á að hefð er fyrir því að leita til sérfróðra aðila um sértækt efni.“

6.

Með bréfi, dags. 6. júlí 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun Eðalvörum að þær athugasemdir sem fram kæmu í bréfi fyrirtækisins, dags. 25. maí, gæfu ekki tilefni til frekari málsmeðferðar að mati stofnunarinnar. Ekki verði því aðhafst frekar í málinu. Jafnframt var athygli Eðalvara vakin á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

III.

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/1999

Eðalvörur áfrýjuðu niðurstöðu Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Eðalvörur kröfðust þess að Samkeppnisstofnun yrði gert að taka málið til frekari málsmeðferðar og gæta þess að virt væru ákvæði 9. og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Áfrýjunarnefnd vísaði máli þessu frá nefndinni með úrskurði sínum nr. 12/1999. Í niðurstöðukafla úrskurðarins segir:

„Í fyrrgreindu bréfi Samkeppnisstofnunar frá 19. maí 1999 til áfrýjanda segir svo í niðurlagsorðum: „Ef þér hafið athugasemdir fram að færa við þessi málalok þurfa þær vinsamlegast að hafa borist stofnuninni innan viku frá dagsetningu þessa bréfs. Málið mun þá lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.“

Eins og fyrr greinir sendi áfrýjandi athugasemdir sínar með bréfi dags. 25. maí 1999 til Samkeppnisstofnunar en Samkeppnisstofnun taldi í bréfi dags. 6. júlí 1999 til áfrýjanda að athugasemdir hans gæfu ekki tilefni til frekari málsmeðferðar. Í bréfinu var athygli áfrýjanda vakin á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar samkeppnismála samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga.

Í lokamálslið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga segir svo: „Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.“ Samkeppnisráð hefur sett reglur nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Í 4. gr. þeirra er að finna nokkra lýsingu á þeim málaflokkum sem samkeppnisráð tekur ákvarðanir í en í 5. gr. reglnanna er einkum fjallað um heimild Samkeppnisstofnunar til að taka ákvarðanir til bráðabirgða. Heimild til handa Samkeppnisstofnun til að fara með ákvörðunarvald sem tekur til þess máls sem hér er til meðferðar er hins vegar hvorki að finna í fyrrgreindum ákvæðum né öðrum heimildum.

Af þessu leiðir að mál áfrýjanda hefur ekki fengið lögmeða meðferð fyrir samkeppnisráði. Ber af þessum sökum að vísa málinu frá áfrýjunarnefndinni.“

IV.

Framhald málsmeðferðar

Með bréfum, dags. 15. október 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála muni stofnunin taka kvörtun Eðalvara yfir auglýsingu Cetus á *Power Ginseng* aftur til meðferðar. Jafnframt var málsaðilum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari gögnum. Málið yrði síðan lagt fyrir auglýsinganefnd og samkeppnisráð til ákvörðunar.

Engin frekari gögn eða athugasemdir bárust Samkeppnisstofnun.

V.

Ýmsar íslenskar upplýsingar um ginseng

1.

Greining ginsenósíð sambanda í ginseng afurðum

Á árinu 1998 var ginsengmál til umfjöllunar samkeppnisyfirvalda. Meðal gagna sem Eðalvörur sendu Samkeppnisstofnun vegna þess máls var afrit greinar sem birtist í Læknablaðinu 1991, 77, bls. 61–65. Greinin heitir *Greining ginsenósíð sambanda í ginseng afurðum*. Greinin er eftir Kristínu Ingólfssdóttur, Ph. D., prófessor í lyfja- og efnafræði náttúru efna við Háskóla Íslands, og Guðborgu A. Guðjónsdóttur. Í greininni segir m.a.:

„Niðurstöður sýna að ginsenósíð innihald er mjög mismikið í þeim afurðum sem rannsóknin tók til, bæði hvað varðar heildarstyrk ginsenósíða og innbyrðis hlutfall þeirra. Ráðleggingar framleiðenda um skammtastærðir eru afar breytilegar og niðurstöður sýndu að heildarmagn ginsenósíð sambanda í dagskammti, samkvæmt tilmælum framleiðenda, er frá því að vera nánast ekkert og upp í 55 mg. Niðurstöður benda eindregið til að þörf sé fyrir strangara og virkara eftirlit með náttúruvörum.

...Ýmsar afurðir sem innihalda ginseng rót eru seldar á Vesturlöndum, meðal annars hérlendis, en þekking okkar er lítil, bæði á innihaldi þessara afurða og verkan þeirra. Almenn er þó viðurkennt, að í ginseng séu líffræðilega virk efni, svokölluð ginsenósíð sambönd og að neysla þess geti haft væg örvandi áhrif...

Þrátt fyrir umfangsmiklar rannsóknir síðastliðna áratugi, eru verkanir ginseng rótar í mönnum enn óljósar... Mikils ósamræmis hefur gætt við framkvæmd rannsókna og því reynt erfitt að bera saman niðurstöður...

Í þeim takmörkuðu rannsóknnum sem gerðar hafa verið á verkunum hreinna ginsenósíð sambanda, hefur komið í ljós, að verkanir þeirra geta verið mjög ólíkar þrátt fyrir náskylda efnabyggingu... Sem dæmi um ólíkar verkanir ginsenósíð sambanda í rottum má nefna að ginsenósíð Rg1 veldur hækkuðum blóðþrýstingi og örvun miðtaugakerfis, en ginsenósíð Rb1 veldur hins vegar lækkuðum blóðþrýstingi og hefur letjandi áhrif á miðtaugakerfið... Líklegt er að virkni ginseng sé háð innbyrðis hlutfalli ginsenósíða ekki síður en heildarstyrk þeirra...

Ginseng er selt í ýmsu formi... Hvergi er getið um magn ginsenósíð sambanda. Í flestum tilfellum er gefið upp samband milli einingar/dagskammts og magns rótar, það er að tiltekinn skammtur samsvari ákveðnu magni rótar. Þetta gefur hins vegar mjög takmarkaðar upplýsingar, því að styrkur innihaldsefna getur verið mjög breytilegur eftir aldri rótarinnar og ræktunarskilyrðum...

Háþrýstivökvagreining (HPLC) var notuð til magnákvörðunar á ginsenósíð samböndunum Rb1, Rb2, Rc, Rd, Re, Rf og Rg1 ...

...Þó er talið, að þau ginsenósíð sem voru magngreind séu aðal virku innihaldsefni ginseng rótar...

Tilgangur þeirra athugunar, sem hér var gerð, var fyrst og fremst að finna leið til að magngreina virk efni í náttúruvöru sem er vinsæl meðal almennings, en seld án vitneskju um innihald, og bera saman virk innihaldsefni í mismunandi samsetningum. Þar sem enn vantar mikið upp á að vitað sé um verkanir ginseng, heppilegar skammtastærðir, milliverkanir þess við lyf og aukaverkanir, er ógerlegt að meta virkni eða aukaverkanir sem vænta megi af töku ofangreindra sýna. Áður en hægt verður að taka slíka afstöðu, verða að liggja fyrir niðurstöður úr klínískum rannsóknnum sem framkvæmdar eru með stöðluðum samsetningum.

Hér var aðeins um að ræða greiningu virkra efna í einni náttúruvöru, og hvorki var leitast við að greina aukaefni né utanaðkomandi mengunarvalda... Niðurstöður benda ótvírætt til, að þörf sé á virku eftirliti með

framleiðsluháttum og innihaldsefnum náttúrumeðala ekki síður en lyfja, matvæla og annars sem almenningi býðst til neyslu.“

2.

Háskóli Íslands – Lyfjafræði lyfsala

Eins og fram hefur komið sendu Eðalvörur Samkeppnisstofnun gögn um ginseng á árinu 1998. Meðal þeirra gagna var bréf frá Elínu S. Ólafsdóttur, Ph. D., lektors við lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands, dags. 18. júní 1998. Bréfið er sent Eðalvörum sem svar við erindi fyrirtækisins um ginseng. Í bréfi Elínar segir m.a.:

„Háskóli Íslands tekur að sér þjónustumælingar ýmiss konar fyrir aðila sem þess óska, sé það á hans færi að framkvæma þær...“

Þar sem misskilnings virðist gæta varðandi hvaða mælingar við framkvæmum, þá skal það hér með upplýst að við höfum tekið að okkur að mæla innihald nokkra ginsenosíða í ginseng rót samkvæmt aðferð sem lýst er í grein í Læknablaðinu 1991, 77, bls. 61–65, og nefnist: Greining ginsenosíð sambanda í ginseng afurðum.

Það skal skýrt tekið fram að við tökum ekki að okkur neina túlkun á þeim niðurstöðum varðandi virkni eða verkun ginseng afurða, og frábiðjum okkur frekari bréfaskriftir byggðar á slíkum misskilningi.“

VI.

Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, þann 25. nóvember 1999, var mál þetta aftur til umræðu. Fund auglýsinganefndar sátu Tryggvi Axelsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

„Auglýsinganefnd telur að athugasemdir Eðalvara sem borist hafa frá því að um mál þetta var fjallað í auglýsinganefnd, þann 11. maí sl., breyti ekki fyrri niðurstöðu nefndarinnar.“

VII. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. desember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

Í máli þessu deila keppinautar á ginsengmarkaði. Eðalvörur halda því fram að upplýsingar í auglýsingum Cetus á *Power Ginseng* sem og á umbúðum vörunnar brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga. Að mati samkeppnisráðs kemur 21. gr. samkeppnislaga til álita í þessu tilviki. Í greininni segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti. Jafnframt skulu auglýsingar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Að mati samkeppnisráðs er mál þetta nægjanlega upplýst til þess að unnt sé að taka ákvörðun í því.

Samkeppnisráð telur að aðalatriði þessa máls snúist um ginsenósíð sem er efni sem finnst í ginsengi. Annars vegar hvort *Power Ginseng* innihaldi 30% ginsenósíð eins og segir í auglýsingum og á umbúðum vörunnar. Hins vegar hvort ginsenósíð sé hið virka efni ginsengs.

Samkeppnisráð telur að gögn máls þessa sýni að *Power Ginseng* inniheldur 30% ginsenósíð. Ekki er því ástæða til athugasemda hvað þetta atriði varðar.

Hvað varðar ágreining um hvort ginsenósíð sé hið virka efni ginsengs telur samkeppnisráð rétt að líta til rannsókna um þetta atriði. Ljóst er að íslenskir vísindamenn sem rannsakað hafa ginseng, sbr. kafla V-1 hér að framan, hafa rannsakað virkni ginsengs út frá ginsenósíð innihaldi. Jafnframt er einnig ljóst, sbr. kafla V-2 hér að framan, að Háskóli Íslands tekur ekki að sér túlkun á niðurstöðum um virkni eða verkun ginsengs. Þá er einnig ljóst að til eru aðrar kenningar um hvert eða hver séu virku efnin í ginsengi s.s. hvort auk ginsenósíða séu ýmis fituleysanleg virk efni í ginsengi. Samkeppnisyfirvöld eru ekki í stakk búin til að skera úr um hver mismunandi kenninga sem settar eru fram sé hin eina rétta enda ekki hlutverk þeirra. Jafnframt telur samkeppnisráð að það sé ekki villandi í skilningi samkeppnislaga að innflytjandi haldi á lofti kenningu um eiginleika vöru sinnar rökstuddri með niðurstöðum hlutlausra rannsókna byggðum á vísindalegum forsendum. Samkeppnisráð telur því ekki ástæðu til athugasemda hvað þetta atriði varðar.

Nánar skal nú litið á önnur atriði málsins sem Eðalvörur telja að brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Í umkvartaðri auglýsingu er ginsengjurtin kölluð Panex í stað Panax sem er erlent heiti jurtarinnar. Þá segir á umbúðum ginsengsins að RG1 og RB1 séu ættir ginsengsrótarinnar en í raun er um að ræða mismunandi ginsenósíða. Samkeppnisráð fær ekki séð að þetta misræmi skaði neytendur eða keppinauta og sér ekki ástæðu til athugasemda við þessi atriði.

Í erindi Eðalvara segir að tilvitnun í auglýsingu Cetus í bókina *Lækningamáttur líkamans* sé í óþökk þýðanda bókarinnar. Eðalvörur færa ekki frekari rök fyrir þessari fullyrðingu. Í máli Cetus hefur komið fram að fyrirtækið hafi heimild þýðandans til að vitna í bókina. Samkeppnisráð telur ekkert hafa komið fram sem gefi ástæðu til athugasemda við tilvitnunina.

Þá segir í erindi Eðalvara að á umbúðum *Power Ginseng* sé gefið upp rangt magn á einum flokki virkra efna. Fyrirtækið útskýrir ekki nánar í hverju þetta sé fölgid. Samkeppnisráð fær ekki séð hvað við er átt og tekur ekki afstöðu til þessa atriðis.

Í erindi Eðalvara kemur einnig fram að innihaldi *Power Ginseng* 30% ginsenósíð sé tæpast um náttúruvöru að ræða. Samkeppnisráð bendir á að það er ekki hlutverk samkeppnisyfirvalda að skera úr um slíkt.

Þá segir í erindi Eðalvara að á umbúðum *Power Ginseng* standi „*The Strongest Ginseng in the World*“. Texti á umbúðum *Power Ginseng* er á íslensku og fyrrnefnd fullyrðing kemur þar ekki fram. Aftur á móti kemur fullyrðingin fram í enskum texta á fylgimiða inni í umbúðum vörunnar. Í ljósi þess að eingöngu er um að ræða upplýsingar sem koma í ljós eftir að varan er keypt og hefur því væntanlega lítil áhrif á eftirspurn hennar hér á landi telur samkeppnisráð ekki ástæðu til athugasemda við fylgimiðann.

Í bréfi Eðalvara, dags. 25. maí sl., er í 9.-lið minnst á enskan bækling um *Power Ginseng* sem Samkeppnisstofnun hafi haft til athugunar. Rétt er að geta þess að meðal gagna þessa máls er umræddan bækling ekki að finna. Aftur á móti barst stofnununinni umslag í pósti með enskum *Power Ginseng* bæklingi. Sendanda var ekki getið og engin athugasemd fylgdi.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til afskipta af kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingu Cetus ehf.

VIII.
Ákvörðunarorð:

„Ekki er tilefni til að hafast frekar að í máli þessu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 5/2000](#)]